

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 334/1987. **Áslaug Kristinsdóttir** og

Þórhallur Matthíasson

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Eddu hf., umboðs- og heildverslun

(Skúli J. Pálmason hrl.)

Fjárnám. Kyrrsetning. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Að fengu áfrýjunarleyfi, sem út var gefið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 25. nóvember 1987, fengu áfrýjendur gefna út stefnu til Hæstaréttar 26. nóvember s.á. Þau krefjast þess, að felld verði úr gildi fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar 2. mars 1987, en þá var gert fjárnám í fasteigninni Langholti 10 á Akureyri til tryggingar 206.113,00 krónum auk vaxta og kostnaðar. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags er krafist staðfestingar fjárnámsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur skýra svo frá að þau hafi á árinu 1985 keypt Langholt 10 af Ástríði Sigvaldadóttur og Júlíusi Thorarensen og fengið umráð eignarinnar 15. júní á því ári. Er þessu eigi mótmælt af hálfu stefndu. Í málinu hefur verið lagt fram afsal til áfrýjenda dagsett 24. júlí 1986. Einnig hefur verið lagt fram endurrit úr fógetabók Akureyrar, þar sem fram kemur að 29. júlí 1986 fékk Edda hf., stefnda hér fyrir dómi, gerða kyrrsetningu í Langholti 10 vegna skuldar Ástríðar Sigvaldadóttur að fjárhæð 206.113,00 krónur auk tiltekinna vaxta og kostnaðar. Var kyrrsetningunni þinglýst 1. ágúst 1986. Afsalið frá 24. júlí var móttekið til þinglýsingar 13. ágúst sama ár og þinglýst sama dag. Var skráð á það athugasemd um 3 kyrrsetningar „vegna skulda fyrri eigenda Ástu Sigvaldad.“ Er óumdeilt að hér var m.a. um að ræða kyrrsetninguna, sem stefnda fékk gerða 29. júlí. Stefnda höfðaði mál gegn Ástríði Sigvaldadóttur. Dómur gekk 15. september 1986 á bæjarþingi Akureyrar og var dómsorðið þannig:

„Stefnda, Ástríður Sigvaldadóttir, persónulega og fyrir hönd einkafirma hennar, Önnu Maríu, hannyrðaverslunar, greiði stefnanda, Eddu hf., umboðs- og heildverslun, kr. 206.113,00 auk 2,25% mánaðarvaxta frá 01.04. 1986 til greiðsludags og kr. 29.566,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Kyrrsetningargerðin frá 29.07. 1986 til tryggingar fjárhæðum þessum staðfestist.“

Eftir þetta fór hin áfrýjaða fógætaerð fram.

Áfrýjendur telja að kyrrsetningin 29. júlí 1986 hafi ekki veitt stefndu rétt til að gera fjárnám í Langholti 10, þar sem þau hafi verið eigendur fasteignarinnar. Skipti engu, þó að afsali til þeirra hafi ekki verið þinglýst fyrr en síðar og eftir þinglýsingu kyrrsetningarinnar. Þýðing kyrrsetningar sé ekki sú að hún geti hnekkt eignarrétti eins og þau höfðu öðlast. Þá telja áfrýjendur að það sé galli á fjárnámsgerðinni að bókað var að Þórhallur Matthíasson, annar áfrýjenda, mætti fyrir gerðarþola, sem sé talinn Ástríður Sigvaldadóttir. Þórhallur hafi hins vegar neitað að skrifa undir í fógætabókina og þar með hafi hann haft uppi mótmæli sem átt hafi að fella úrskurð um.

Af hálfu stefndu er með tilvísun til 29. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 talið að kyrrsetningin, sem fyrr er lýst, skapi rétt sem gangi framarrétti áfrýjenda enda hafi henni verið þinglýst áður en þinglýst var afsalinu til áfrýjenda. Hafi fjárnámið því verið lögmætt, enda ekki á því neinir réttarfarságallar.

Eftir 18. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann og 29. gr. laga nr. 39/1978 gat hið stefnda hlutafélag krafist fjárnáms í Langholti 10 til tryggingar skuld Ástríðar Sigvaldadóttur eftir dómi bæjarþings Akureyrar 15. september 1986. Eigi var lögskýlt að úrskurður gengi í fógætaréttinum, áður en fjárnám var gert enda komu eigi fram mótmæli við gerðina. Þó að Ástríður sé ranglega talin gerðarþoli í fógætabókinni í stað áfrýjenda fær það ekki hnekkt gildi fjárnámsins, sem ber að staðfesta.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Áslaug Kristinsdóttir og Þórhallur Matthíasson, greiði stefndu, Eddu hf., umboðs- og heildverslun, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar 2. mars 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. mars, var fógetaréttur Akureyrar settur að Langholti 10 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Birni Rögnvaldssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fjárnámsmálið nr. 161/1987. Heildverslunin Edda hf. gegn Ástríði Sigvaldadóttur.

Fógeti leggur fram:

Nr. I. Gerðarbeiðni.

Nr. II. Dóm bæjarþings Akureyrar frá 15.09. 1986, birtan þ. 28.01. 1987.

Nr. III. Endurrit úr fógetabók Reykjavíkur frá 27.02. 1986.

Svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bjarni Þór Óskarsson lögfræðingur og krefst fjárnáms fyrir kr. 206.113,00 með 2,25% mánaðarvöxtum frá 01.04. 1986 til greiðsludags, kr. 830,00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 2.620,00 fyrir ritun gerðarbeiðni og mót, kr. 29.566,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Þórhallur Matthíasson, eigandi eignarinnar Langholts 10. Gætt er leiðbeiningaskyldu.

Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Langholti 10, Akureyri.

Mætti kveðst ekki skrifa undir fyrr en hann hefur rætt við lögmann sinn. Fallið frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Gerðinni lokið.

Upplesið, játað rétt bókað.

Mætti neitar að skrifa undir.

Bjarni Þór Óskarsson.

Rétti slitið.